

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. 1. efnismásl. b-liðar orðist svo: Að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins getur nefndin frestað réttaráhrifum úrskurðar síns telji hún að hann muni hafa í för með sér veruleg fjárhagsleg áhrif á sjóðinn.
 - b. 3. efnismásl. b-liðar orðist svo: Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar að auki vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð.
2. Við 6. gr. Ný málsgrein bætist við er orðist svo:

Ef lánþegi skuldar námslán sem var úthlutað á árunum 1992–2004, svokallað R-lán, og jafnframt námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu R-lánið. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þá þar til R-lánið er að fullu greitt.